

Hið ídæmda að greiða innan 8 vikna frá lög-
legri birtingu dóms þessa, undir aðför að lögum.

Nr. 16/1875:

Hið opinbera

gegn

Jóhanni Frímann Sigvaldasyni.

D ó m u r.

Með dómi, upp kveðnum fyrir pólitírjetti Húna-
vatnssýslu að Geitaskarði 13. aprílmán. þ. á., er Jóhann
Frímann Sigvaldason, sjálfseignarbóndi í Mjóadal í
Bólstaðarhlíðarhreppi, dæmdur fyrir óhlýðni gegn yfir-
valdsskipun til að greiða til hlutaðeigandi sveitarsjóðs
4 króna sekt og 16 krónur í skaðabætur, sem og all-
an af málinu löglega leiðandi kostnað. Þessum dómi
er eptir ósk hins kærða áfrýjað til yfirdómsins.

Með eigin játningu hins kærða og öðrum atvik-
um, sem fram eru komin undir rekstri málsins, er
það löglega sannað, að honum með gangnaseðli hrepp-
stjóra hafi verið fyrirskipaðar göngur á Eyvindarstaða-
heiði, sem er afrjett Bólstaðarhlíðarhrepps, haustin
1873 og 1874, en að hinn kærði ekki hafi hlýðnast
þessari fyrirskipun hreppstjórans, sem þó var byggð á
úrskurði hlutaðeigandi sýslumanns, og varð hreppstjór-
inn því haustið 1875 að kaupa mann á kostnað sveit-
arsjóðsins fyrir 16 krónur til gangnanna í stað þess
manns, er kærði átti að leggja til. Hinn kærði hefur
afsakað óhlýðni sína í þessu efni með því, að hann
ekki sje skyldur til að gjöra fjallskil á Eyvindarstaða-
heiði, þar sem hann ekki noti hana, heldur Reyni-
staðarfjöll, fyrir afrjett, enda gjöri hann fjallskil á síð-
arnefndri afrjett, og sem ábúandi á Mjóadal sje hann
samkvæmt fundarályktun nokkurri 5. septembermán.
1862 laus við geldfjárupprekstur og fjallskil á Eyvind-

arstaðaheidi. En þar sem það samkvæmt Jb. Llb. 46. og 49. kap. og erindisbrjefi hreppstjóranna 24. nóvembermán. 1809 28. gr. ber undir hlutaðeigandi hreppstjóra að skipa fyrir um fjallskil hreppsbúa sinna, getur enginn hreppsbúa skotið sjer undan að hlýðnast fyrirskipunum hreppstjórans í þessu efni fyrst um sinn, þó hann ekki álíti þær á rökum byggðar, heldur verður hann að leita leiðrjettingar á máli sínu með því að leggja það undir úrskurð æðri yfirvalda eða dómstólanna. Yfirdómurinn verður þannig að fallast á úrslit undirdómarans í máli þessu, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða undirrjettardóm í heild sinni. Svo ber hinum kærða og að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum 10 krónur til hvors.

Meðferð málsins í hjerði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrjettardómurinn á óraskaður að standa. Hinn kærði Jóhann Frimann Sigvaldason greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal málaflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmanns Páls Melsteðs og organista P. Guðjohnsens, 10 krónur til hvors.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.